

### **Veitingasala**

Á 2. hæð er veitingasala fyrir gesti safnsins ásamt nestisaðstöðu.

### **Stigar, lyftur og snyrtingar**

Stigar, lyftur og snyrtingar eru í öllum fjórum turnum byggingarinnar.

Frá anddyri á 1. hæð er lyfta upp á

2. hæð en aðallyfta hússins fyrir aðrar hæðir er innst til hægri þegar upp á

2. hæð er komið. Snyrtingar fyrir fatlaða eru á 1. og 4. hæð.

### **Vefur safnsins**

Á vef safnsins, [landsbokasafn.is](https://landsbokasafn.is), eru margvíslegar upplýsingar um safn-kostinn, safnið og þjónustuna. Þar eru einnig tenglar í rafræn gagnasöfn og tímarit.

### **Leiðarvísar.is**

Hagnýtar leiðbeiningar og upplýsingar um heimildir og heimildavinnu fyrir einstakar námsgreinar sem kenndar eru við Háskóla Íslands.

### **Umgengni**

Áhersla er lögð á góða umgengni í safninu, vinnufrið og gott andrúmsloft.


Notkun farsíma er óheimil í lesrými safnsins svo og neysla matar og drykkjar. Þó er heimilt að vera með vatn í lokuðu íláti. Reykingar eru bannaðar hvarvetna í byggingunni (gildir einnig um rafrettur).



*Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn* er þjóðbóka-safn Íslendinga og bókasafn Háskóla Íslands.

Safnið er í *Þjóðarbókhöðu*, Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík.

Lagabókasafn er í *Lögbergi*, húsi lagadeildar HÍ.



## Safnkostur

Í *Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni* er um ein milljón bindi bóka, tímarita, hljóðrita o.fl., auk aðgangs að margvíslegum rafrænum gögnum. Í safninu eru einnig um 15 þúsund handrit.

- Útlánaeintök íslenskra og erlendra bóka eru á 3. og 4. hæð, sími: 3. hæð 525 5750, 4. hæð 525 5770, [utlan@landsbokasafn.is](mailto:utlan@landsbokasafn.is)
- Námsbækur og annað efni sem kennarar HÍ hafa látið taka frá fyrir nemendur er á námsbókasafni, sími: 525 5781, [namsbokasafn@landsbokasafn.is](mailto:namsbokasafn@landsbokasafn.is)
- Hljóðrit, tónlist og kvikmyndir eru á 4. hæð, sími 525 5774, [hljodogmyndsafn@landsbokasafn.is](mailto:hljodogmyndsafn@landsbokasafn.is) Fjöldi íslenskra hljóðrita er í stafrænni endurgerð á [hljodsafn.is](http://hljodsafn.is)
- Blöð, tímarit og lokaverkefni nemenda við HÍ 1991-2011 eru á 3. hæð og ekki lánuð út, sími: afgreiðsla 525 5750. Lokaverkefni frá 2009 eru rafræn í [Skemman.is](http://Skemman.is) og íslensk tímarit og dagblöð fram til síðustu ára eru rafræn á [timarit.is](http://timarit.is)
- Útlána- og upplýsingaþjónusta er á 2. hæð ásamt handbókakosti safnsins sem er aðeins til notkunar þar, sími útlána er 525 5681, [utlan@landsbokasafn.is](mailto:utlan@landsbokasafn.is) og sími upplýsingaþjónustu er 525 5685, [upplys@landsbokasafn.is](mailto:upplys@landsbokasafn.is)
- Rit Íslandssafns á 1. hæð eru aðeins til notkunar á lestrarsal, sími: 525 5630, [islandssafn@landsbokasafn.is](mailto:islandssafn@landsbokasafn.is) Fjöldi gamalla íslenskra bóka er í stafrænni endurgerð á [baekur.is](http://baekur.is)
- Rit handritasafns á 1. hæð eru aðeins til notkunar á staðnum, sími: 525 5678, [handrit@landsbokasafn.is](mailto:handrit@landsbokasafn.is) Mörg handrit í stafrænni endurgerð er að finna á [handrit.is](http://handrit.is).
- Gögn Kvennasögusafns á 1. hæð eru aðeins til notkunar á staðnum, sími: 525 5779, [kvennasogusafn@landsbokasafn.is](mailto:kvennasogusafn@landsbokasafn.is), [kvennasogusafn.is](http://kvennasogusafn.is)
- Rafrænt efni. Undir Rafræn gagnasöfn á vef safnsins eru tenglar í fjölda gagnasafna sem aðgangur er að ýmist á landsvísu eða á háskólanetinu.

## Bókasafnsskírteini

Bókasafnsskírteini fást við útlánaborð á 2. hæð safnsins gegn framvísun skilríkja með mynd og kennitölu. Lánsrétt eiga 18 ára og eldri, sem búsettir eru hér á landi og hafa íslenska kennitölu. Nemendur og starfsfólk HÍ greiða ekki árgjald en aðrir lánþegar greiða samkv. [gjaldskrá](#) safnsins.

## Útlán

Lánstími bóka er almennt 30 dagar, en tímarit, handbækur og lokaverkefni eru ekki lánuð út. Sektum er beitt vegna vanskila. Lánþegi ber fulla ábyrgð á þeim ritum sem hann fær að láni. Vinsamlegast virðið útlánstímann. Sími 525 5681, [utlan@landsbokasafn.is](mailto:utlan@landsbokasafn.is)

## Upplýsingaþjónusta

Upplýsingaþjónusta safnsins er í þjónustuborði á 2. hæð. Þjónustan er opin virka daga 8:15-16. Sími 525 5685, [upplys@landsbokasafn.is](mailto:upplys@landsbokasafn.is)

## Vinnuaðstaða

Safnið býður upp á fjölbreytta vinnu-aðstöðu: í hópvinnuherbergjum, einstaklingsherbergjum, við einstaklings-borð og stærri borð. Samtals eru þetta um 700 sæti á fjórum hæðum safnsins.

## Notendatölvur

Á opnum svæðum á 2., 3. og 4. hæð safnsins og í lestrarsal Íslandssafns eru tölvur til afnota fyrir safngesti. Á öllum hæðum eru leitartölvur fyrir safngáttina [lbs.leitir.is](http://lbs.leitir.is). Tölvur tengdar prentara fyrir nemendur HÍ eru á 3. og 4. hæð. Í húsinu er þráðlaust net, fyrir nemendur og starfsfólk HÍ (eduroam) sem og opið net safnsins (LBS-HBS/HotSpot).

## Ljósritun – Ritföng

Ljósritunarvélar eru á öllum hæðum hússins. Um er að ræða kortavélar og fást kort í þær í þjónustuborði á 2. hæð. Ritföng og fleira er til sölu í þjónustu-borði á 2. hæð.

## Hópvinnuherbergi

Þrjú hópvinnuherbergi, eru í safninu, eitt á 3. hæð og tvö á 4. hæð. Þau taka 3-10 manns. Hægt er að bóka herbergin á [bokanir.landsbokasafn.is](http://bokanir.landsbokasafn.is).

## Lesherbergi

Á 3. og 4. hæð safnsins eru 26 lesherbergi sem leigð eru út. Þau eru ætluð fræðimönnum, nemendum í framhaldsnámi á háskólastigi og öðrum sem eru að vinna að ákveðnum verkefnum og þurfa að nota rit safnsins í því skyni. Í fjórum herbergjum eru tölvur með aðgangi að neti, ritvinnslu o.fl. Úthlutunarreglur ásamt umsóknar-eyðublöðum er að finna á vef safnsins. Nánari upplýsingar eru einnig í bæklingi safnsins um lesherbergi.

## Geymsluskápar

Samtals eru um 150 geymsluskápar til afnota fyrir gesti til að geyma vinnugögn sín. Lyklar að skápum fást afhentir við útlánaborð á 2. hæð gegn greiðslu tryggingargjalds. Óheimilt er að geyma rit safnsins í skápunum nema þau hafi fyrst verið fengin að láni.